

ungdóminn frá trúarbrögðunum, er í lögum voru, og kenna að jörðin væri dauður líkami og sólin steinn eða úr efni svipuðu og jörðin. Ástæðan meðfram er eflaust sú, að trúin heldur allt af meira í það, sem úrelt er og ósamboðið framþroskandi menningu. Hún meðhöndlar óvissuna, og óvissan verður að vissu, er grundvallast á hefðum og siðvenjum afgangals vana. Það virðast vera hennar helztu sannanir lengi vel, að það sem lengst hafi verið í meðvitund manna, sé hið sannasta og réttasta og bezta.

En eftir því sem meira er hugsað um hina mannlegu hlið tilverunnar, eftir því missir hefðin og vaninn máttinn meira og meira, og þar af leiðandi trúin líka á allt yfirnáttúrulegt, og þaðan kemur stríðið, sem háð er öld eftir öld milli trúar og vísinda.

Eftir að menn fundu að spurningin, hvað það væri að vera maður, varð ekki umflúin né henni fullsvarað með því að segja að hann væri sem guð, fer að myndast ný hugsjón, sem í sér felur öll þau einkenni, er mönnum finnst vera sérkennileg fyrir mann. Það skapast snið, mynd eða hugargrip (type), sem er haldið á loft og bent á sem hina sönnustu mynd mannsins á sínu fullkomnasta skeiði. Þessi ímynd felur í sér bæði sálar og líkams líf mannlegrar tilveru. Hann á að hugsa á vissan hátt, tala og breyta og framkvæma eftir vissum reglum, og takmarkið sem öll hans tilvera stefnir að, á að vera þannig reglubundið.

Þessar ímyndir eru fjölda margar, næstum að segja óteljandi. Það eru fáir og hafa verið fáir, sem allir hafa hugsað sér manndóminn eins, hver hefir haft sína hugmynd, ímynd þess, hvað það væri að vera maður. En eins og í öllu öðru, þótt einstaklingana greini á, þá er það að eins í smáatriðum, því í hópum hugsa þeir mjög líkt, sálarhæfilegleikarnir eru svo svipaðir, lítið sem einn skarar fram úr öðrum, að það er hægt að flokka þessar hugsjónir eða ímyndir niður í nokkra aðalflokka, eftir því sem menn hugsa sér þýðingu eða markmið mannsins.

Þessir aðalflokkar verða nokkuð margir, og tökum vér hér sex þeirra, er allir eru að nokkru leyti skyldir hver öðrum en þó svo sérstakir, að hver er heild út af fyrir sig. Þeir eru: I. Hin mannlega ímynd, eftir meginkenningu gamla testamentisins, eins